

44. AÐALFUNDUR SAMTAKA
SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI
- Framhaldsfundur -



FOSSHÓTEL HAMAR
22. NÓVEMBER 2013

EFNISYFIRLIT

Dagskrá framhaldsaðalfundar 2013.....	3
Fundarsetning.....	4
Skil starfshóps um skipulag SSV.....	5
Skil starfshóps um málefni fatlaðra	8
Lagabreytingar	10
Fjárhagsnefnd skilar af sér	10
Fylgiskjal 1 – Fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2014.....	11



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

DAGSKRÁ FRAMHALDSAÐALFUNDAR 2013

Föstudagurinn 22. nóvember 2013

- 12:15** **Fundarsetning: Gunnar Sigurðsson, formaður SSV**
- 12:20** **Skil starfshóps um skipulag SSV**
Páll Brynjarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar og formaður starfshóps.
Umræður og fyrirspurnir
- 13:10** **Skil starfshóps um málefni fatlaðra**
Ingibjörg Valdimarsdóttir, formaður starfshóps.
Umræður og fyrirspurnir.
- 13:40** **Lagabreytingar**
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV.
Umræður og fyrirspurnir.
- 14:15** **Fjárhagsnefnd skilar af sér. Fjárhagsáætlun SSV.**
Umræður og fyrirspurnir.
- 15:45** **Fundarslit**



FUNDARSETNING

Gunnar Sigurðsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann stakk uppá Ragnari Frank og Sveinn Kristinsson sem fundarstjórum og var það samþykkt. Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar.

Fundarstjórar:	Ragnar Frank Sveinn Kristinsson
Fundarritarar:	Einar Þ. Eyjólfsson Margrét Björk Björnsdóttir
Kjörbréfanefnd:	Björn Steinar Pálmason Sveinn Pálsson
Fjárhagsnefnd:	Gyða Steinsdóttir Sveinn Kristinsson Sveinn Pálsson
Allsherjarnefnd:	Páll Brynjarsson Laufey Jóhannsdóttir Regína Ásvaldsdóttir Grétar Pálsson
Málefni fatlaðra:	Ingibjörg Valdimarsdóttir Bjarki Þorsteinsson



SKIL STARFSHÓPS UM SKIPULAG SSV

Páll Brynjarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar og formaður starfshóps.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Rætt var um fyrirkomulag framkvæmdaráðs en samkvæmt tillögum starfshópsins eiga tveir af þremur fulltrúum að koma frá Akranesi og Borgarbyggð. Þriðji aðilinn á að skiptast á milli annarra sveitarfélaga. Bent var á að ójafnvægi gæti skapast þegar allir fulltrúar frá sunnanverðu Vesturlandi myndu sitja á sama tíma þ.e. frá Borgarnesi, Hvalfjarðarsveit og Akranesi. Því var komið að á framfæri að þetta þyrfti að skoða nánar.

Menningarfulltrúi Vesturlands steig næst í pontu. Menningarfulltrúinn kom inná að sjö menningarráð væru starfrækt á landinu og standa yfir breytingar á starfsemi þeirra um þessar mundir. Til að mynda var Menningarráð Austurlands fært inní Austurbrú, Menningarráð Vestfjarða fór inní Fjórðungssamband Vestfjarða og á Norðurlandi vestra væri búið að breyta verkefninu þannig að 60% hlutfall sé ætlað í Menningarráð og 40% í atvinnuráðgjöf sem gagnast á menningartengdri ferðaþjónustu og verkefnum í nýsköpun. Á Suðurnesjum er starfshlutfallið 60% í menningarráðinu á móti 40% sem unnið er þar í vaxtarsamningi. Á síðasta ári var Menningarfulltrúi Vesturlands ráðinn í 100% starf hjá Menningarráði Vesturlandi eins lofað hafði verið við undirritun ráðningasamnings sem gerður var fyrir 6 árum. Fyrst um sinn var Menningarfulltrúinn í 50% starfi og svo 80% starfi. Af sjö menningarfulltrúum á landinu eru fimm í fullu starfi. Engum þeirra hefur verið sagt upp vegna breytinga á skipulagi á þeirra svæði. Menningafulltrúar á landinu hafa verið í miklu og nánu samstarfi. Menningarfulltrúar hafa verið þátttakendur í undirbúningi í breytingum á sínum svæðum og hafa verið beðnir um að koma með tillögur og hugmyndir. Málum hefur verið öðruvísi háttað á Vesturlandi, þar sem stjórnarsýslan hefur verið ógegnisæ. Ekkert samráð hefur verið haft við Menningarfulltrúa Vesturlands né hann verið upplýstur um stefnu SSV í menningarmálum. Honum hefur verið haldið, að því virðist vísitandi frá allri umræðu um fyrirhugaðar breytingar. Á aðalfundi 12. september heyrði Menningafulltrúinn í fyrsta sinn tillögur um að leggja niður starf menningarfulltrúa og að verkefni menningarsamningsins yrðu færð undir SSV. Menningafulltrúinn vildi koma því fram að kostnaður við starfsemi ráðsins fjármagnaður af menningarsamningi sem var undirritaður árið 2011 af mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuráðuneyti og SSV. Menningafulltrúinn kvaðst hafa verið einu sinni boðaður til fundar eftir að umrædd tillaga kom frá á aðalfundi í september. Fundurinn var haldinn á Akranesi og á honum voru framkvæmdastjóri Símenntunar, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og formaður stjórnar Markaðsstofu Vesturlands. Ekki var Menningarráðfulltrúanum tjáð um hvað fundurinn snérist né hvaða fyrirhuguðu breytingar væru framundan. Breytingastjórnunin í þessu tilfalli væri því einstaklega ógegnisæ, ólýðræðisleg og ekki hefur verið litið á þá sem starfa á þessum vettvangi sem fagmenn. Menningarfulltrúinn kallaði eftir breytingum á þessum starfsháttum gangvart Menningarfulltrúa, sem hingað til hefur unnið störf sín af kostgæfni og með hag Menningaráðs Vesturlands að leiðarljósi. Í nýútkominni skýrslu um menningasamninga sem unnin var af Capacent Gallup kemur fram að mikilvægi menningarfulltrúa sé mjög mikið. Einn annmarki er þó á skýrslunni varðandi rekstrarkostnað sem hefur verið komið á framfæri við höfund skýrslunnar en að öðru leyti er skýrslan mjög jákvæð í garð Menningaráðs Vesturlands. Menningarfulltrúi Vesturlands kvaðst ekki ókunnugur öllu því sem fram hefði komið í kynningu starfshópsins en honum fannst óeðlilegt að ekki skyldi hafa verið rætt við



hann um þessi mál.

Fundarmönnum var óskað til hamingju með tillögurnar sem væru í heildina góðar. Þeirri spurningu var beint til Páls, af hverju myndu 25 aðilar sitja í fagráði. Í framhaldinu var vísað í ræðu forsætisráðherra sem hann hélt á Austurlandi fyrir skömmu þar sem hann sagði að mál tengd umræddum áætlanagerðum myndu skýrast fljótlega og verið væri að vinna þá vinnu innan ráðuneytanna.

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að sveitarfélögin myndu að koma fram sem eining gagnvart stjórnvöldum. Sérstaklega í ljósi þess hvernig verkefni hafa verið að koma frá ríkinu hafa verið meðhöndluð. Sem dæmi um það þá hafa málefni fatlaðra verið lærdómsríkt ferli í því samhengi. Samstarfið kostar óhjákvæmilega átök en markmiðið er samt sem áður alltaf að finna bestu lausnina hverju sinni. Þá var komið inná mikilvægi markaðsmála og ferðapjónustunnar og í því samhengi bent á mikilvægi þess hvernig Vesturland væri kynnt útá við. Það væri áriðandi að aðilar í mismunandi sveitarfélögum er starfa að ólíkum menningarviðburðum myndu vinna saman því það sem væri að gerast í einstökum bæjarfélögum hefði áhrif á alla heildina.

Því var svarað varðandi innlegg Menningarfulltrúa Vesturlands að breytingar væru alltaf erfiðar og viðkvæmar og þessi orð væru góð áminning til þeirra sem starfa að slíkum málum. Það var rætt innan starfshópsins að yfirvofandi skipulagsbreytingar mættu ekki hanga of lengi yfir gagnvart skrifstofu SSV. Um væri að ræða tvennskonar tillögur. Annars vegar um stjórnarfyrikomulagið og hins vegar um skrifstofu SSV. Starfshópurinn var á þeirri skoðun að það væri betra að taka ákvörðun strax er varðaði störf fólks í stað þess að láta málin vera á sveimi svo mánuðum skipti.

Þeirri spurningu var beint til Páls hvort að starfgildi sem hefur verið hjá Upplýsingamiðstöðinni væri inni þeim tölum sem rætt var um í kynningunni.

Þá var viðruð sú hugmynd í tengslum við framkvæmdaráðið hvort að hægt væri að skoða fjögurra manna ráð, þannig að sveitarfélögin þrjú á Snæfellsnesi gæti skipt með sér einum manni. Akranes og Borgarnes ættu þá einn fulltrúa hvor, Snæfellsnes einn og hin sveitarfélögin myndu svo skipta einu sæti á milli sín.

Rætt var um að bíða með endanlega ákvörðun um 10 manna stjórn en hugmyndin væri engu að síður áhugaverð en þarfnaðist nánari útfærslu. Eins þyrfti að útfæra nánar fyrirkomulag fagráðsins, hvort þar eigi að sitja 25 aðilar eða ekki. Áhersla var lögð á að leikreglurnar væru skýrar. Vitnað var í viðurkennda stefnumótunavinnu sem fram fór í Nýja-Sjálandi en í því verkefni voru fengnir ólíkir einstaklingar í fagráð í mismunandi málaflokkum. Það hefði þótt mikill kostur þar sem að ólík sjónarmið komu á framfæri. Lýst var yfir ánægju með menningarsamninginn og hann talinn hafa skilað mörgum góðum hlutum í menningarmálum á Vesturlandi. Það að verkefni hefðu fengið styrki með tilliti til gæða og nýsköpunar frekar en staðsetningu væri merki um ákveðið þroskastig. Áhersla var lögð á að þessi málaflokkur skipti gríðarlega miklu máli fyrir svæðið enda varðaði málið byggðamál, þar sem sýnt væri að málaflokkurinn hefði t.d. áhrif á hvar konur myndu velja sér búsetu. Í ljósi mikillar samkeppni við aðra landshluta þá væri mikilvægt að hlúa vel að menningarmálum og sem og markaðsmálum á Vesturlandi.

Þeirri spurningu var velt upp hvort að almenningur vissi eitthvað um starfsemi SSV? Hugmyndir um að stækka stjórn SSV og að undir henni sé síðan framkvæmdaráð gæti mögulega virkað eins og verið sé að stækka báknið. Það væri umhugsunarferli hvernig mætti opna ferlið þannig að fólk vissi hvað stæði til og af hverju er verið væri að fara úti breytingar. Varðandi fagráðið þá væri mikilvægt að gera grein fyrir af hverju verið væri að stofna það, hvers væri ætlast af því, hvernig atvinnulífið og almenningur ætti að velja þar fulltrúa inn. Vegna aukinna verkefna sveitarfélaganna þá væri óhjákvæmilegt að fara úti breytingar á starfsemi SSV en mikilvægt væri að allir verkferlar væru skýrir í þeim málum.



Greint var frá því að fulltrúar allra ráðuneyta ásamt formanni og framkvæmdastjóra SÍS hefðu heimsótt Slóveníu og Finnland í apríl síðastliðnum og kynnt sér þar samskipti ríkisvaldsins í gegnum landshlutasamtökin þar í landi. Í því samhengi var vísað í samantekt þessara heimsókna sem finna má heimasíðu ráðuneytanna.

Páll svaraði því til að mikil umræða hafi verið innan starfshópsins varðandi fyrirkomulag 3ja manna framkvæmdaráðs. Hugmynd um hvort að ákveðin svæði ættu að skipta með sér fulltrúum var einnig rædd þ.e. svæði sunnan Skarðsheiðar ættu einn fulltrúa, Borgarfjarðarsvæði og Dalir einn fulltrúa og Snæfellsnes einn fulltrúa. Sú hugmynd náði ekki að tryggja það að stærstu sveitarfélögin eins og t.d. Akranes með 40% íbúa svæðisins myndi eiga fulltrúa að ráðinu. Það mætti vel vera að betra jafnvægi næðist með fjórum fulltrúum og þá myndi vægi formanns vera tvöfalt. Eðlilegt væri að þessi mál yrðu tekin til skoðunar.

Varðandi þá athugasemd að ekki hafi verið haft samband varðandi menningarráðið þá voru fulltrúar er málið varðar kallaðir á fund til að heyra þeirra sjónarmið, þar á meðal voru framkvæmastjóri menningarráðsins og stjórnarformaður þess. Þar fóru þau yfir sína hlið á málinu og hvernig þau sæju þetta fyrir sér. Jafnframt voru haldnir fundir með öðrum aðilum sem óskuðu eftir fundi t.d. var fundur með forstöðumanni markaðsstofunnar og formanni Ferðamálasamtaka Vesturlands. Þá var tekið þátt í uppskeruhátíð Ferðamálasamtakana þar sem meðal annars var kynning á þessum hugmyndum. Þegar óskað var eftir upplýsingum þá var reynt að veita þær og taka þátt í umræðum með þeim fyrirvara að verið væri að vinna tillögurnar á því stigi. Hópnum barst minnisblað frá Ferðamálasamtökum Vesturlands með helstu niðurstöðum uppskeruhátíðarinnar en þar störfuðu hópar er fjölluðu um þessa hluti. Vissulega hefði starfshópurinn kosið að hafa meira samráð en tímaramminn var takmarkaður. Passað var uppá að hitta fulltrúa allra aðila til að heyra þeirri sjónarmið en vissulega hefði það getað nýst enn betur að geta haft meira samráð.

Varðandi starf fulltrúa menningarfulltrúa þá er hugmyndin sú að nýta þann starfsmann sem sinnir menningarmálunum til fleiri verkefna. Það þekktist hjá öðrum samtökum og það væri í raun sú hugmynd sem tekin hefði verið upp í tillögum starfshópsins.

Ástæðan fyrir að talan 25 einstaklingar ættu sæti í fagráði væri sú, að talan endurspeglæði vel landshlutann þannig að það væru fulltrúar allsstaðar af Vesturlandi sem ættu sæti þar inni. Horft var til þess að atvinnulífið ætti c.a. 5 fulltrúa og sveitarfélögin myndu svo deila tuttugu fulltrúum á milli sín.

Þá sagði Páll að gert væri ráð fyrir í tillögum starfshópsins að starfsmaður Upplýsingamiðstöðvarinnar væri einn af þremur starfsmönnum er ynnu að markaðsmálum. Annar aðili myndi alfarið vinna að markaðsmálum og þriðji aðilinn myndi jafnframt vinna að menningarmálum.

Varðandi þekkingu almennings á starfsemi SSV þá var rætt um innan starfshópsins að leggja yrði áherslu á upplýsingaflæði og kynningarmál. Að lokum bætti Páll því við að einn hluti af því að opna starfsemi SSV enn frekar væri fyrirkomulag 25 manna fagráðs.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir og bar að því loknu upp eftirtaldir



tillögur:

Stjórn SSV leggur til við framhaldsaðalfund að skýrsla starfshóps um skipulag SSV verði send sveitafélagunum til umfjöllunar og umsagnar. Ekki verða gerðar breytingar á samþykktum SSV varðandi stjórnarkjör fyrr en niðurstaða umsagna liggur fyrir umfram það að halda aðalfund SSV fyrr á árinu og málþing á haustin. Stjórn getur á grundvelli umsagna sem berast kallað saman starfshópin til frekari útfærslu að tillögnum. Sveitarstjórnir skulu skila inn umsögnum sínum til SSV fyrir 15. Janúar 2014.

Samþykkt.

Stjórn SSV leggur til við framhaldsaðalfund að teknað verði upp viðræður við meðeigendur í Markaðsstofu Vesturlands ehf. með það að markmiði að framfylgja framkomnum tillögum um að markaðssetning verði verkefni innan stjórnar SSV. Fyrir liggur að komist aðilar að samkomulagi á grundvelli þeirra tillagna sem fyrir liggja muni það þýða að eigendur hlutafélagsins verða að setjast niður og finna vettvang til þess að leysa skuldaábyrgð félagsins.

Samþykkt.

Stjórn SSV leggur til við framhaldsaðalfund að þar sem nú ríkir óvissa af hálfu ríkisins varðandi menningarsamninga er lagt til að leitað verði samninga við menningarfulltrúa um 50% starf til apríl loka. Stjórn taki menningarsamning Vesturlands til skoðunar þegar forsendur liggja fyrir verði kannaður áhugi sveitarfélaga áframhaldandi samstarfs um menningarmál.

Samþykkt.

SKIL STARFSHÓPS UM MÁLEFNI FATLAÐRA

Ingibjörg Valdimarsdóttir, formaður starfshóps.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Ingibjörgu fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Lýst var yfir ánægju með tillögur starfshópsins. Þarna væri kominn grundvöllur til frekara samstarfs og til þess að halda áfram. Hins vegar stæðu eftir spurningar hvernig skal halda áfram ef það verður taprekstur og hvernig útkoma ársins í ár verður.

Lögð var áhersla á að tekin yrði ákvörðun um fjárframlag þannig að hvert sveitarfélag bæri ábyrgð á sínum þætti þannig ef það yrði framúrkeyrsla hjá einhverju sveitarfélagi þá yrði það sveitarfélag að leysa það.

Þá var rætt um mikilvægi þess að sveitarfélögin væru búin að koma málum sínum þannig fyrir þegar þau taka yfir rekstur málaflokksins að þau geti farið eftir þeim skyldum og lögum sem þeim eru sett.

Lýst var yfir ánægju með að menn væru að reyna finna leiðir til þess að deila út því fjármagni sem ætlað væri í málaflokkinn og fyrirséð væri að þessi tillaga myndi koma misjafnlega við sveitarfélögin. Í tilfelli Borgarbyggðar væri um að ræða 12% lækkun miðað við þau framlög sem



sveitarfélagið hefur haft til málefna fatlaðra sem skýrist meðal annars af því að margir einstaklingar í Borgarbyggð eru undir fötlunarflokki fjögur. Hvatt var til þess að sveitarfélögin myndu sækja um aukafjárveitingu til jöfnunarsjóðs og áhersla lögð á mikilvægi þess að gera það. Einnig væri mikilvægt að sveitafélögin myndu ræða það að setja inn sólarlagsákvæði varðandi flokk fjögur. Dæmi væru um að einstaklingar væru búnir að vera í þjónustu í yfir 20 ár sem eru í flokki fjögur eða neðar, ætti að fara breyta þjónustu við þá og hvernig ætti að framkvæma það? Mikilvægt væri að setja inn sólarlagsákvæði til þess að geta haldið áfram þjónustu við þessa einstaklinga.

Fundarmönnum var bent á að taka framlegðarútreikninga ekki of bókstaflega. Um væri að ræða tilraun til þess að reikna út framlegð. Það gætu verið einfaldar útskýringar á frávikum t.d. ef í tilfellum skjólstæðinga með ólíkar þarfir.

Starfshópnum var þakkað fyrir skýra uppsetningu á flóknum málum. Mikilvægt væri að hafa fastan grunn til þess að reikna út frá þannig að allir myndu vita hverju þeir ættu að eiga vona á.

Ingibjörg svaraði því til varðandi taprekstur að það væri niðurskurður í heildina og ljóst væri að það þyrfti að mæta niðurskurði allsstaðar. Þetta væri aðferð að skipta fjármagni á eins sanngjarnan hátt og hægt væri niður fyrirleggjandi kostnaði. Ef það væri tap á rekstri málaflokksins þá væri það viðkomandi félagsþjónustusvæðis að ákveða hvernig skyldi bregðast við því.

Málaflokkurinn yrði gerður upp á næsta ári og þá myndi heildarkostnaðurinn af málaflokknum verða tekinn fram og þá yrði tapreksturinn tekinn inni þá jöfnu. Það yrði ekkert gefið eftir með þessu. Varðandi ábendinguna um sólarlagsákvæði, þá væri það eitthvað sem þyrfti að skoða nánar. Það væri þjónusturáðsins að fara yfir það með tilliti til búsetu og þarfa þeirra einstaklinga er málið varðaði. Mikilvægt væri að skoða öll undantekningar tilvik sem falla ekki undir hina hefðbundnu reglu.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir og lagði fyrir tillögur starfshópsins:

Þau 80% sem koma frá jöfnunarsjóði sem áætluð eru út frá fötlunarþyngd einstaklinga skulu fylgja þeim einstaklingum og renna til viðkomandi félagsþjónustusvæða.

0,125% útsvars skal reiknast út frá þjónustuþörf þeirra sem eru í flokki 4 og neðar bæði fullorðnir og börn.

Þetta framlag skiptist hlutfallslega á milli svæða eftir því hvar þessir einstaklingar búa

Áður en þessari upphæð er skipt út skal taka frá 1,5 millj.kr. vegna reksturs þjónusturáðs.

0,125% útsvars skal verða eftir á svæðunum til að mæta grunnkostnaði í málaflokknum.

Þessum fjármunum er skipt út frá hlutfalli útsvars hvers svæðis fyrir sig.

Hvert félagsþjónustusvæði skal miða við 2,5 millj.fari í grunninn til umsýslu og ráðgjafakostnaðar vegna málaflokksins ásamt 1% af veltu hans.

Auk þessa leggur starfshópurinn til að sótt verði um aukafjármagn í Jöfnunarsjóð til að mæta þeirri lækkun framlags til Vesturlands sem áætluð er fyrir árið 2014.

Samþykkt.

Fundarhlé



LAGABREYTINGAR

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV

Sjá sérstakt skjal.

Fundarstjóri þakkaði Hrefnu fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Lagabreytingar bornar upp til atkvæða.

Samþykkt.

FJÁRHAGSNEFND SKILAR AF SÉR

Fjárhagsnefnd samþykkti vegna ársins 2013 að fastagjaldið verði kr. 342.000 fyrir sveitarfélög með yfir 200 íbúa og kr. 171.000 fyrir sveitarfélög með undir 200 íbúa, sem er 3,6% hækkun frá fyrra ári. Einnig var lagt til að gjald pr. íbúa yrði 950 kr. sem er 3,8% hækkun á milli ára. Gert er ráð fyrir tekjum uppá c.a. 90,5 mkr. og gjöld uppá tæpar 90 mkr. og niðurstaða er jákvæð uppá 146 þús. kr.

Fundarstjóri þakkaði Gyðu fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Tillaga borin um til samþykkis.

Fjárhagsáætlun var samþykkt með þessum breytingum. Sjá fylgiskjal 1.

Gunnar Sigurðsson þakkaði starfsmönnum og fundarstjórum fyrir sín störf. Fundi slitið kl. 14:56



FYLGISKJAL 1 – FJÁRHAGSÁÆTLUN SSV FYRIR ÁRIÐ 2014

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Í þús.kr.	Raun 2012	Áætlun 2013	Endursk. áætl.2013	Áætlun 2014
Rekstrartekjur				
Árgjöld sveitarfélaga	16.251	16.843	16.873	17.520
Framlag Jöfnunarsjóðs	23.239	21.477	21.500	21.500
Framlag Byggðastofnunar	19.186	20.264	19.485	19.500
Framlög vegna sóknaráætlunar			45.900	
Styrkir vegna sérverkefna (+erl.)	0	18.320	22.609	23.500
Tekjur atvinnuráðgjafar	0	6.000	6.000	7.000
Aðrar tekjur	680	1.000	1.000	1.500
	59.356	83.904	133.367	90.520
Rekstrargjöld				
Laun og tengd gjöld	43.560	50.936	54.532	55.815
Annar rekstrarkostnaður	0	25.882	25.690	27.239
Gjöld vegna sérverkefna	0	3.500	2.000	2.000
Markaðsstofan	0	2.506	3.844	3.000
Sóknaráætlun			45.600	
Afskriftir	1.041	1.043	1.917	1.917
	44.601	83.867	133.583	89.971
Rekstrartap fyrir				
<i>fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)</i>	14.755	37	-216	549
Vaxtatekjur og arður	1.138	650	569	180
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur	-743	-620	-630	-583
	0			
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals	394	30	-61	-403
Hagnaður/tap ársins	15.149	67	-277	146
Almenningssamgöngur	-21.224			
	-6.075			